

## Hverfisráð Hlíða

Ár 2014, föstudaginn 21. nóvember var haldinn 113. fundur Hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða að Laugavegi 77 og hófst kl. 12:00. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, formaður, sem stýrði fundi, Hilmar Sigurðsson, Kristján Freyr Halldórsson. Jóhanna Halldórsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina. Þá sat fundinn Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Kynning á tillögu USK um fjölskyldugarða.

#### Bókun:

Hverfisráð lýsir yfir mikill ánægju með tilvist þessara garða og tillögum um breytingar. Mikilvægt er að til sé umsýsluaðili sem sjái um garðana og sé leigendum aðgengilegur og upplýsingar liggi fyrir um hvernig hægt sé að nálgast hann. Þá leggur hverfisráð til að komið verði fyrir borðum og bekkjum við garðana. Umhverfi garðanna verði vel hirt.

2. Unnur Margrét Arnardóttir verkefnastjóri kynnti og fjallaði um Betri hverfi-verkefnið. Umræður
3. Erindi frá USK um tímabundna æfingaraðstöðu fyrir Val á Klambratúni.

#### Bókun:

Hverfisráð Hlíða styður tillöguna en leggur áherslu á að við hönnun á nýjum völlum í stað malarvallar verði tekið tillit til stefnumótunarvinnu úr íbúasamráði frá 2009, að tryggt verði aðgengi íbúa að nýjum völlum, auk þess að starfsemi Vals á grasflötum skarist ekki við Folfbrautir sem eru mikið nýttar allt árið. Hverfisráðið leggur jafnframt áherslu á að tímatöflur fyrir svæðið verði aðgengilegar og sú starfsemi sem þegar nýtir svæðið njóti áfram forgangs.

4. Erindi frá SFS um Menningar- og félagsmiðstöð á Klambratún.

#### Bókun:

Hverfisráð Hlíða tekur undir umsögn sviðsstjóra SFS. Hverfisráðið styður nú, sem endranær, að húsnæði og svæði núverandi Hverfabækistöðvar á Klambratúni verði nýtt fyrir Menningar- og frístundastarf í anda hugmyndafræðinnar um Samfélagshús, sem nýtist öllum íbúum í Hlíðum.

5. Umsókn frá Kampi um styrk að upphæð kr. 65.000,- vegna kynfræðslu. Einnig sótt um til Hverfisráðs Miðborgar. Vísað til umfjöllunar um styrkveitingar ráðsins.
6. Lagt fram afmælisrit Landmótunar: „*Að móta land í 20 ár*“.

Næsti fundur verður 11 .desember kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 13:40

Margrét Norðdahl

Hilmar Sigurðsson

Kristján Freyr Halldórsson